



Reglur um afnot bifreiða Akureyrarbæjar

1. Tilgangur og gildissvið reglna

Reglunum er ætlað að tryggja að notkun bifreiða í eigu Akureyrarbæjar og í langtímaleigu sé í þágu bæjarins og að notkunin sé ábyrg, gagnsæ og í samræmi við lög og vandaða stjórnsýslu.

Reglurnar ná til alls starfsfólks sem hefur heimild til að nýta bifreiðar fyrir starfsemi bæjarins.

2. Um afnot bifreiða í eigu bæjarins

Bifreiðar í eigu bæjarins og í langtímaleigu er eingöngu heimilt að nota í þágu bæjarins á vinnutíma.

Notkun bifreiða í eigu bæjarins og í langtímaleigu í einkaerindum er óheimil. Starfsfólki er óheimilt að fara heim á bifreiðum að vinnutíma loknum og skulu bifreiðar vera lagðar við starfsstöð að loknum vinnudegi.

Undanþága frá því að fara heim á bifreiðum að loknum vinnutíma er veitt af bærarstjóra og viðkomandi sviðsstjóra. Slíkar undantekningar eru eingöngu fyrir starfsfólk á bakvakt ef eðli starfs krefst skjótra viðbragða.

3. Umsjón með bifreiðum

Sviðsstjórar skulu tilnefna umsjónaraðila, einn eða fleiri, með bifreiðum á sínu sviði. Umsjónarmaður sér um að bifreið í eigu bæjarins fari í reglulega bifreiðaskoðun, þjónustueftirlit, smurningu og dekkjaskipti.

Umsjónarmaður hefur jafnframt eftirlit með almennu ástandi bifreiða og hreinlæti og sjá til þess að bifreiðar fari a.m.k. einu sinni á ári í alþrif.

Skrá þarf a.m.k. tvisvar á ári kílómetrastöðu og senda til viðeigandi aðila (verkefnastjóra fjárreiðna á fjársýslusviði og verkefnastjóra Umhverfismiðstöðvar) sem sjá um skráningu á stöðunni á island.is.

Alla bifreiðar þurfa að vera með verknúmer í bókhaldi Akureyrarbæjar til að hægt sé að halda utan um kostnað á einfaldan hátt.

4. Öryggi og umgengni

Allar bifreiðar eiga að vera merktar sem eign bæjarins skv. hönnunarstaðli og á það einnig við um bifreiðar í langtímaleigu. Merkingu bifreiða sem eru ómerktar skal lokið fyrir 1. október 2026.

Óheimilt er að reykja og neyta matar í bifreiðum Akureyrarbæjar.

Bifreiðum eiga að vera hreinar og snyrtilegar og eftir notkun á aðfjarlægja allt rusl úr þeim.

Bifreiðarnar eiga að vera læstar þegar þeim er lagt og eftir notkun.

Ekki er heimilt að hafa persónulegan búnað í bifreiðar bæjarins.

Rafbíla á að setja í hleðslu þegar skilið er við bifreiðar á viðeigandi stæðum við starfsstöð, ef við á.

Heimilt er að setja upp ferilvöktun í bifreiðar ef sviðsstjóri metur þörf á slíku. Notkun ökurita og staðsetningarbúnaðar í einstaka bifreiðar skal vera í því skyni að fylgjast með ferðum eða staðsetningu bifreiða til að tryggja gæði þjónustu og í þágu umhverfis- eða öryggissjónarmiða.

5. Ábyrgð ökumanns

Starfsmaður þarf að hafa tilskilin ökuréttindi á viðkomandi bifreið. Við notkun bifreiða skal fylgja umferðarreglum og aka í samræmi við akstursskilyrði hverju sinni.

Starfsfólk ber að greiða fyrir gjaldskyld stæði þar sem það á við. Heimilt er að óska endurgreiðslu á þeim kostnaði í gegnum reikningagátt Akureyrarbæjar.

Almennt er óheimilt að leggja bifreið Akureyrarbæjar á gjaldskyld bifreiðastæði við Akureyrarflugvöll á gjaldskyldum tíma.

Almennt er óheimilt að keyra bifreið utan lögsagnarumdæmis Akureyrarbæjar, nema það felist í þjónustu viðkomandi stofnunar, s.s. vegna þjónustu við nágrannasveitarfélög skv. samningum, vegna vinnu við eignir bæjarins utan bæjarmarkna eða vegna ráðstefnuferða starfshóps.

Starfsfólki ber að greiða stöðvunarbrotgjöld og hraðasektir sem til falla þegar bifreið er í notkun þess.

Ef tiltekinni bifreið hefur verið úthlutað föstu bifreiðastæði við starfsstöð skal það stæði notað samkvæmt reglum viðkomandi sviðs.

6. Hlunnindaskattur

Ef notkun starfsfólks á bifreið telst skattskyld skal tilkynna notkunina til Skattsins, en af slíkri notkun skal greiða hlunnindaskatt samkvæmt tekjuskattslögum nr. 90/2003 og reglugerð nr. 579/2018.

7. Viðurlög

Brot gegn reglum þessum geta leitt til áminningar og/eða sviptingar akstursheimilda á bifreiðum bæjarins.

8. Samþykkt og gildistaka

Samþykkt af bæjarstjóra 12. maí 2026

Reglurnar taka gildi 1. september 2026.

